

REGLUGERÐ

um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

1. gr.

Leyfi samgönguráðherra þarf til reksturs reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði. Leyfi hans þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði. Til kennsluflugs, sýningarflugs og annarrar loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þarf leyfi flugmálastjóra, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar, sjá 2. gr. Leyfi þarf ekki til annars einkaflugs.

2. gr.

Almenn flugstarfsemi skiptist í atvinnuflug og einkaflug. Atvinnuflug greinist eftir eðli starfseminnar í reglubundið áætlunarflug, óreglubundið flug, þjónustuflug og kennsluflug í atvinnuskyni. Með óreglubundnu flugi er átt við flutning á farþegum eða vörum, sem ekki er áætlunarflug, og sem framkvæmt er með flugvélum yfir 5700 kg að hámarksþyngd. Með þjónustuflugi er meðal annars átt við: 1) Tækifærisferðir, vöruflug og hringflug, sem framkvæmt er með flugvél 5700 kg að hámarksþyngd eða minna. 2) Fræsáningarflug, áburðarflug eða annað slíkt dreifi-flug. 3) Flugferðir til landfræðithugana, könnunar á raflinum, fjárleit o. fl. 4) Dráttarflug. 5) Sjúkra- og björgunarflug. 6) Ljósmyndaflug. 7) Auglýsingaflug.

3. gr.

Þeir aðilar, sem hyggjast sækja um leyfi til flugreksturs, skulu senda samgönguráðuneytinu umsóknir á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

4. gr.

Leyfi til loftferða verður ekki veitt nema umsækjandi sanni, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett hafa verið um þá loftferðastarfsemi, sem hann hyggst reka. Auk þess skal umsækjandi vera skráður eigandi að minnsta kosti eins lofftars, sem loftferðastarfsemin á aðallega að byggjast á.

5. gr.

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi, sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu. Loftferða-fyrirtæki skal hafa flugrekstursstjóra, sem viðurkenndur er af flugmálastjóra.

6. gr.

Séu lendingargjöld eða skoðunargjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma, má afturkalla leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, séu vanskil veruleg og endurtekin. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjóra frá því, ef þær breytingar verða á starfsemi hans, sem valda því, að þær forsendur, sem leyfisveitingin byggðist á, eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfskröftum, loftfarkosti, váttryggingum eða stjórnendum.

7. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra árlega skýrslu um flugstarfsemina, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi flugmálastjóra. Heimilt er flugmálastjóra að krefjast mánaðarlegra skýrslna, telji hann þess þörf.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félagsins fyrir liðið ár, í því formi er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga og er þá flugmálastjóra heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta hann flugleyfi þar til úr er bætt. Slíkri ákvörðun flugmálastjóra má skjóta undir úrskurð ráðherra.

8. gr.

Beiðni um framlengingu á leyfi til loftferða skal senda samgönguráðuneytinu a. m. k. einum mánuði áður en leyfið rennur út. Með endurnýjunarumsókn skal senda upplýsingar um allar þær breytingar, sem orðið hafa á starfseminni, frá því að leyfið var gefið út eða síðast endurnýjað.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að slysatriggja farþega í innanlandsflugi. Skulu slysabætur vera hinar sömu og ákveðnar eru í lögum um almannatryggingar á hverjum tíma. Skal þess getið í farseðlum, að farþegar séu þannig tryggðir.

Í millilandaflugi er leyfishafa skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá, er hann ber samkvæmt Varsjársamningnum, sbr. lög nr. 41 25. maí 1949, með síðari breytingum.

Um ábyrgðarskyldu gagnvart þriðja manni fer eftir ákvæðum X. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

10. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um far- og farmgjöld, sem samgönguráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til þess að breyta far- eða farmgjöldum á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.

11. gr.

Ráðherra getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarflugferða á sérstökum flugleiðum eða frá og til ákveðins landingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfi fyrir ákveðna flugleið skal bundið því skilyrði, að leyfishafi fullnægi flutningaþörfinni að mati samgönguráðuneytis.

12. gr.

Ráðherra getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum, er leyfishafi hefur óskað að starfrækja, þótt ekki sé um sérleyfi að ræða.

13. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um áhafnir á hinum ýmsu gerðum loftfara.

14. gr.

Leyfishafi skal fullvissa sig um það, að aðalflugmenn þeir, sem hann ræður til starfa við farþegaflug í þjónustuflogi í flugvélum undir 5700 kg hámarks þyngd, hafi 500 flugstundir eða meira og þar í séu ekki færri en 100 stundir í yfirlandsflugi. Sé flogið í reglubundnu áætlunarflugi skal viðkomandi aðalflugmaður hafa a. m. k. 1200 klst. flugstundir.

15. gr.

Sé flugvélavirki ekki að staðaldri á þeim stað, sem loftfar er gert út frá, skal flugmaður þess sanna, að hann hafi hlotið fullnægjandi þekkingu á daglegri skoðun þess.

16. gr.

Loftferðafyrirtæki ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði, sem sett eru í leyfisbréfinu.

17. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í XIII. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

18. gr.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem öðlast hafa leyfi til flugrekstrar samkvæmt eldri ákvæðum, sækja um endurnýjun leyfisins samkvæmt reglugerð þessari, ella fellur leyfið niður.

Þetta nær þó ekki til þeirra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum til og frá Íslandi, samkvæmt tvíhliða loftferðasamningum, né heldur til þeirra félaga, sem starfrækja reglubundið áætlunarflug innanlands og hafa til þess sérleyfi.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 og öðlast hún gildi 1. maí 1973, og falla þá úr gildi reglur um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum nr. 13 22. janúar 1947.

Samgönguráðuneytið, 20. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

6. apríl 1973.

Nr. 92.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi
skólaárið 1973—1974.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1973—1974 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 90 frá 5. apríl 1972.
2. Neðangreindur stundaskrárrammi tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.
3. Auk þeirra nemendastunda, sem stundaskrárramminn tilgreinir, fær skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem hér greinir miðað við hverja „hliðstæðu“ fullskipaðra bekkjardeilda (a. m. k. 25 nemendur að meðaltali í deild):
 - a) í 1.—3. bekk, samtals 1 stund á viku,
 - b) í 4.—6. bekk, samtals 1 stund á viku,
 - c) í 7.—8. bekk, samtals 1 stund á viku.

Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til frjáls viðbótarnáms, án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.